

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá kaldavatnsveitu Flóahrepps nr. 447/2007.

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Flóahrepps nr. 447/2007:

Tengigjald við Vatnsveitu Flóahrepps verði kr. 120.000.

Innifalið í því gjaldi er tenging við vatnsveitu og lagning heimæðar allt að 200 m frá stofnæð. Aukagjald fyrir lagningu heimæðar umfram 200 m frá stofnæð verði kr. 450 pr/m. Skilyrt er að tenging við hús sé framkvæmd af starfsmanni Vatnsveitu Flóahrepps.

Gjaldskrá Vatnsveitu Flóahrepps breytist í janúarmánuði hvers árs í samræmi við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar.

Gjaldskrárbreyting þessi var samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps og öðlast gildi við birtingu.

*Flóahreppi, 3. ágúst 2007.*

**Margrét Sigurðardóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. ágúst 2007